



BARNAVERNDARSTOFA

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum
Margrét Geirsdóttir,
sviðsstjóri fjölskyldusviðs
Hafnarstræti 1
Stjórnsýsluhúsið
400 ÍSAFJÖRÐUR

Ísafjarðarbær
MÓTTFLIKI
12 FEB. 2015
Maisnr. 2015-01-0023
Frumrit - skilist til skjalasafns

Reykjavík, 17. febrúar 2015

Tilvísun : 2015020020/040

Í 9. gr. bvl. er mælt fyrir um skyldu sveitarfélaga til að marka sér stefnu og framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fyrir hvert kjörtímabil. Framkvæmdaáætlun á að senda velferðarráðuneyti og Barnaverndarstofu. Þar sem fleiri sveitarfélög standa saman að barnaverndarnefnd er heimilt að gera sameiginlega áætlun.

Áætluninni er ætlað að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi. Einnig má ætla að framkvæmdaáætlunin auki sýnileika málfloksins innan sveitarfélagsins. Í áætluninni eiga að koma fram atriði eins og:

- markmiði sveitarfélagsins í barnaverndarstarfi
- hvernig barnaverndarstarfið er byggt upp
- hver starfsmannapörfin er
- hver er helsti vandi barnanna í sveitarfélaginu
- hvers konar stuðningsúrræði eru til
- hver er þörfin fyrir stuðningsúrræði og þá hvers konar úrræði
- hver er áætlaður kostnaður vegna stuðningsúrræða
- ákvarðanir um þau verkefni sem ráðist verður í meðan áætlun varir og forgangsröðun þeirra
- hvernig er eftirliti barnaverndarnefndar með aðbúnaði og uppledisskilyrðum barna háttæð

Við undirbúning áætlunarinnar er nauðsynlegt að safna saman upplýsingum um stöðu barna í sveitarfélaginu og þarfir þeirra á svíði barnaverndar. Því má gera ráð fyrir að auk starfsmanna barnaverndar þurfi kennarar, leikskólakennarar og aðrir sem hafa sérstaka þekkingu á högum barna að koma að starfinu.

Barnaverndarstofu hefur ekki borist framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins í barnaverndarmálum fyrir kjörtímabilið 2014 - 2018 og fer stofan þess á leit að úr því verði bætt og framkvæmdaáætlun send velferðarráðuneyti og Barnaverndarstofu, sbr. 1. mgr. 9. gr. bvl.

Virðingarfullst
f.h. Barnaverndarstofu

Steinunn Bergmann

Steinunn Bergmann